

Fundargerð 16. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 20. febrúar 2015, kl. 9:00 í Eldey, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mætt eru: Róbert Ragnarsson, Berglind Kristinsdóttir, Gísli Heiðarsson, Guðjón Þ. Kristjánsson, Johan D Jónsson, Laufey Kristjánsdóttir, Ásgeir Eiríksson, Kristín Vala Matthíasdóttir, Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri) og Þuríður Halldóra Aradóttir (Markaðsstofa Reykjanes)

1. Framkvæmdir við áningarstaði 2015

Rætt um framkvæmdir sumarið 2015 í samræmi við starfsáætlun. Samþykkt að taka tilboði frá Landmótun í deiliskipulag og hönnun við Brimketil að því gefnu að styrkur fái frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

2. Reykjanestá - Riftun á leigusamningi

Riftunarsamningur milli eigenda jarðanna Kalmannstjarnar og Junkaragerðis annars vegar og Ferðamálasamtaka Reykjanes hins vegar lagður fram. Landsvæðin sem um er að ræða eru Valbjargargjá, Valahnúkur og land vegna 100 gíga leiðar í Stampahrauni.

3. Erindi frá eigendum Fjallkonuvegs 1

Erindi frá eigendum Fjallkonuvegar 1 lagt fram þar sem þeir bjóða jarðvangnum húsið til leigu eða kaups sem þjónustumiðstöð á Reykjanesi. Stjórn þakkar sýndan áhuga en hafnar erindinu.

4. Wapp

Erindi frá undirbúningshópi að gerð útivistarappsins Wapp lagt fram. Verkefnastjóra falið að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.

5. Heimasíða Reykjanes jarðvangs

Tilboð í heimasíðu lögð fram. Verkefnastjóra falið að vinna áfram í málinu.

6. Gestastofa í Duushúsum

Fyrsta gestastofa Reykjanes jarðvangs verður opnuð í Duushúsum 13. Mars 2015.

7. Jarðvangsvika 25.-31. maí 2015

Þriðja Jarðvangsvikan í Reykjanes jarðvangi fer fram 25.-31. maí 2015. Auglýst verður eftir viðburðum og þátttakendum á næstu dögum.

8. Samstarfssamningur milli Markaðsstofu Reykjanes og Reykjanes jarðvangs

Samstarfssamningur milli Markaðsstofu Reykjanes og Reykjanes jarðvangs lagður fram þar sem verkefni félaganna eru skilgreind.

9. Fuglastígur á Reykjanesi

Eydís Mary Jónsdóttir og Sunna Björk Ragnarsdóttir frá Náttúrustofu Suðvesturlands kynntu verkefnið „Fuglastígur á Reykjanesi“ kl. 10. Stjórnin þakkar fyrir áhugaverða skýrslu. Verkefnastjóra falið að vinna málið í samræmi við umræður á fundinum.

Að loknum fundi bauðst stjórnarmönnum að sitja kynningu frá Ferðamálastofu á breyttu fyrirkomulagi á úthlutun fjármagns til landshlutanna, þ.e. landshlutasamtaka, ferðamálasamtaka, Markaðsstofa og jarðvangsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:50.

Fundargerð ritaði: ESJ

Róbert R
Kristín Vala Matthíasd.

Johan D Jónsson
Berglind Kristinsdóttir
Ásgeir Eiríksson *Laufey Kristjánsd.*